

Snorra-Edda

Snorri Sturluson (1179-1241)

- ▶ Skáld og fræðimaður af ætt Sturlunga, einnar valdamestu ættar landsins á Sturlungaöld (1220 til 1262-64).
 - ▶ Tímamörk Sturlungaaldar miðast við tilraunir Hákonar gamla Hákonarsonar Noregskonungs til þess að koma Íslandi undir norsku krúnuna.
- ▶ Leiðtogi Sturlunga þar til hann var veginn í Reykholti haustið 1241
 - ▶ Stjórnspekingur og hirðmaður Noregskonungs
 - ▶ Kom sér í ónáð hjá konungi og var veginn í kjölfarið.
 - ▶ Enginn vígamaður en efldi eigin völd með því að giftast tvisvar forríkum konum og gifta börn sín inn í helstu höfðingjaættir landsins
- ▶ Eftir hann liggja a.m.k. tvö rit:
 - ▶ *Heimskringla*, saga Noregskonunga
 - ▶ *Edda*, oftast kennd við hann og kölluð *Snorra-Edda*
 - ▶ Margir fræðimenn telja hann líka höfund *Egils sögu Skallagrímssonar*



Snorra-Edda



- ▶ Talin samin á tímabilinu 1220-1230.
- ▶ Kennslubók í skáldskaparlist og goðafræði
- ▶ Ómetanleg heimild um trúarbrögð norrænna manna á víkingaöld
- ▶ Líkist í mörgu nútímafræðiritum þegar kemur að heimildanotkun
 - ▶ Vísað í nafngreinda heimildarmenn, dróttkvæðaskáldin Braga hinn gamla Boddason og Þjóðólfr frá Hvini
 - ▶ Tilvitnanir í ýmis eddukvæði, s.s. Völuspá, Vafprúðnismál og Hávamál.
- ▶ Miðjukaflarnir tveir settir fram á samtalsformi en það var algengt á fræðiritum og kennslubókum miðalda.
- ▶ Þarf að setja ákveðna fyrirvara við ritið sem heimild um fornan sið:
 - ▶ Ritið var skrifað rúmum 200 árum eftir kristnitöku og hlýtur að bera þess einhver merki, þótt Snorri styðjist reyndar við eldri heimildir
 - ▶ Snorri var kristinn og hafði ekki áhuga á að boða hinn forna átrúnað
 - ▶ Ekki er sjálfgefið að trúarkerfi heiðinna manna hafi verið jafnheilsteyppt og Snorri lætur að liggja.

Snorra-Edda frh.

- ▶ Skiptist í fjóra kafla:
 - ▶ Prologus (formáli)
 - ▶ Segir frá för Óðins frá Asíu til Norðurlanda þar sem hann sest að.
 - ▶ ATH! Þór er hér sagður vera forfaðir Óðins en ekki sonur hans.
 - ▶ Tenging við sköpunarsögu Biblíunnar og syndaflóðið
 - ▶ Gylfaginningu
 - ▶ Hefst á því að gyðjan Gefjun stelar landi af sænska fornkoninginum Gylfa. Hann fer í dulargervi til Ásgarðs til þess að fræðast um æsi og tilurð heimsins.
 - ▶ Frásögnin er samtál milli Gylfa og konunga Ásgarðs Hás, Jafnhás og Þriðja (sem allir eru Óðinn).
 - ▶ Skáldskaparmál
 - ▶ Skáldamálið útskýrt með vísun í bæði þekktar og óþekktar goðsögur.
 - ▶ Sett fram sem samtál milli skáldskaparguðsins Braga og sjávarguðsins Ægis.
 - ▶ Háttatal
 - ▶ Lofkvæði í 102 erindum tileinkað Hákonni gamla Hákonarsyni og Skúla jarli Bárðarsyni.
 - ▶ Sýnishorn af bragarháttum

